

BRÁÐABIRGÐALÖG**um heimild fyrir ríkisstjórnina til lántöku vegna kaupa á þyrlu.****FORSETI ÍSLANDS**

gjörir kunnugt: Fjármálaráðherra hefur tjáð mér, að ríkisstjórnin hafi samþykkt að stofna til kaupa á þyrlu af meðalstærð fyrir Landhelgisgæzluna, til notkunar við landhelgisgæzlu, þjörgunarstörf og önnur hjálparstörf, og möguleiki sé á að afla innlends láns til þeirra kaupa.

Með því að ég fellst á, að brýna nauðsyn beri til að gefa út bráðabirgðalög um heimild til framangreindrar lántöku, eru hér með sett bráðabirgðalög samkvæmt 28. gr. stjórnarskrárinnar, á þessa leið:

1. gr.

Ríkisstjórninni heimilast að taka lán allt að 26 millj. kr. vegna kaupa á þyrlu.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört að Bessastöðum, 4. júní 1971.

Kristján Eldjárn.

(L. S.)

Magnús Jónsson.

AUGLÝSING

um staðfesting forseta Íslands á breytingu á reglugerð nr. 76/1958 fyrir Háskóla Íslands, með áorðnum breytingum.

Forseti Íslands féllst hinn 7. apríl 1971 á tillögu menntamálaráðherra um að staðfesta eftirfarandi breyting á reglugerð nr. 76/1958 fyrir Háskóla Íslands, með áorðnum breytingum:

1. gr.

Á eftir X. kafla komi nýr kafli, er verður XI. kafli og hljóðar svo sem segir hér á eftir, en núverandi XI. kafli verður XII. kafli, og raðtölur lokagreina reglugerðarinnar breytast í samræmi við það.

„XI. KAFLI**Almenn þjóðfélagsfræði.***a. Stjórnarfarsleg tilhögun.***88. gr.**

Kennsla í almennum þjóðfélagsfræðum fer fram á vegum sjálfstæðrar námsbrautar við Háskólann, sem byggð er á samstarfi milli háskóladeilda um yfirstjórn, og um kennslu eftir því sem við verður komið.